



PALS í Mosfellsbæ

Pör Að Læra Saman

Innleiðing PALS læsisaðferðarinnar í leik- og grunnskólum
Mosfellsbæjar. Þróunarverkefni styrkt af Sprotasjóði
Menntamálaráðuneytisins.

pre

28. júní 2012



Efnisyfirlit

PALS	3
Markmið	3
Upphaf	3
Innihald	4
Stöðumat	5
Helstu hindranir sem upp komu	5
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	5
Ávinningur	6
Niðurstöður	6
Kynning	7
Þýðing og staðfæring handbóka	8
Fylgiskjöl	8

PALS

PALS í Mosfellsbæ. Innleiðing PALS læsisaðferðarinnar í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Þriggja ára þróunarverkefni, styrkt af Sprotasjóði árin 2010 -12.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar bar ábyrgð á verkefninu sem hefur staðið í þrjú ár. Verkefnastjórar voru Gunnhildur María Sæmundsdóttir, skólafulltrúi og Ragnheiður Sjöfn Jóhannsdóttir, kennsluráðgjafi. Þátttakendur í verkefninu voru auk skólaskrifstofu, Varmárskóli, Lágafellsskóli, Hulduberg, Hlaðhamrar, Hlíð og Reykjakot. Ráðgjafi verkefnisins var Hulda Karen Daníelsdóttir.

Markmið

Markmið verkefnis:

1. Að fagfólk í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar verði meðvitaðara um mikilvægi læsis í sinni víðustu mynd.
2. Að innleiða PALS aðferðina (Peer Assisted Learning Strategies) í leik- og grunnskólum í kennslu barna frá 4 ára til 16 ára.

Upphaf

Vorið 2009 áttu Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar, ásamt skólastjórum leik- og grunnskóla bæjarins fund með Huldu Karen Daníelsdóttur, kennsluráðgjafa, um að Mosfellsbær hæfi innleiðingu á PALS læsisaðferðinni í skólum sveitarfélagsins. Skólastjórnir og verkefnastjórar sáu tækifæri í að innleiða PALS og samþykktu að fara í samstarf við Huldu Karen og SÍSL hópinn (Samfélag í skóla sem lærir). Hulda Karen hafði í kjölfarið milligöngu um að til Mosfellsbæjar kæmi PALS kennari frá Bandaríkjunum, Kristen L. McMaster frá University of Minnesota í september 2009. Nokkrir leik- og grunnskólakennarar ásamt skólafulltrúa og kennsluráðgjafa sóttu 3ja daga námskeið í PALS aðferðinni hjá Kirsten og í kjölfarið var ákveðið að hefjast handa. Áhuginn var mikill og stór í upphafi en verkefnið reyndist þó stærra og meira en við höfðum reiknað með. Þantaðar voru PALS handbækur frá Bandaríkjunum og ljóst var að mikil vinna fælist í því að þýða, staðfæra og vinna upp verkefni sem henta íslenska tungmálinu. Leitað var til helstu læsissérfræðinga Háskóla

Íslands, Menntavísindasviðs, þeirra Steinunnar Torfadóttur og Helgu Sigmundsdóttur um aðstoð og leiðbeiningu vegna stafaröð, smáorða og annarra atriða sem tengjast hljóðkerfisvitund, læsi og lestri á íslensku máli. Jafnframt var sótt um styrk í Sprotasjóð sem gerði gæfumuninn fyrir framkvæmd verkefnisins.

Innihald

PALS (Peer-Assisted Learning Strategies) er kennsluáðferð í hljóðkerfisvitund og lestrarkennslu og var þróuð í Bandaríkjunum af Douglas Fuchs og Lynn S. Fuchs. (<http://kc.vanderbilt.edu/pals/>) Skammstöfunin PALS hefur verið íslenskuð sem *Pör Að Læra Saman*.

Er hér um að ræða aðferð þar sem nemendur kenna/þjálfa hvern annan á jafningjagrunðvelli. PALS er viðbót við hefðbundna lestrarkennslu að því leiti að nemendur vinna í pörum með mismunandi hlutverk. Lestur og tungumálið lærist þannig í gegnum virk og markviss samskipti barna. Upphaflega var PALS þróað sem kennsluáðferð við að kenna nemendum sem læra annað tungumál en sitt móðurmál en í ljós kom að þessi aðferð hentaði öllum börnum afar vel í að læra að þekkja hljóð stafanna og að æfa lestur og lesskilning. Þessi nálgun er í anda fjölmenningarlegra kennsluhátta sem ganga m.a. út á samvinnunám og mikilvægi jákvæðra, innihalds- og árangursríkra samskipta barna og nemenda sem tilheyra mismunandi samfélagshópum.

PALS aðferðin hefur verið notuð í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna í um 15 ár en í fyrsta skipti í Evrópu hér á Íslandi, í Mosfellsbæ, eftir því sem best er vitað.

PALS aðferðin skiptist í 5 flokka eftir aldri barna, P-PALS (pre-school/Polla-PALS) er ætlað fyrir 4 ára börn, K-PALS (Kindergarten/Krakka-PALS) er ætlað fyrir 5 ára börn, First grade PALS er ætlað nemendum 1. bekkjar og svo er PALS flokkur fyrir 2.- 6. bekk og að lokum unglunga PALS (highschool-PALS).

Það sem einkennir PALS er að börnin leiðbeina hvert öðru í gegnum hlutverk „kennara“ og „nemanda“ ásamt þeirri félagsþjálfun sem felst í að skiptast á, bera virðingu fyrir og leiðbeina öðrum. Einnig fá þau þjálfun í umburðarlyndi, víðsýni og náungakærleika ásamt því að efla samskiptafærni og vináttu.

Þróunarverkefnið fólst í að þýða, staðfæra og innleiða PALS í Mosfellsbæ, fyrir alla aldurshópa. Grunnskólakennarar í báðum stóru skólunum, Varmárskóla og Lágafellsskóla hófust strax handa við að notast við aðferðina og á sama tíma var handbókin þýdd og staðfærð. Einnig var hafist handa við að þýða og staðfæra P-PALS og leikskólarnir byrjuðu að innleiða P-PALS strax á vorönn 2010. Þá var hafist handa við að þýða og staðfæra K-PALS en sú handbók krafðist töluvert meiri vinnu en hinar tvær þar sem staðfæra þurfti allar kennslustundir m.t.t. íslenskunnar og þess að læra íslensk hljóð í stöfunum. Unglinga PALS var einning þýtt.

Stöðumat

Helstu hindranir sem upp komu

Helstu hindranir sem upp hafa komið eru kannski fyrst og fremst að það kom á óvart hvað þetta er viðamikil verk að þýða, staðfæra og innleiða nýtt námsefni sem tekið er úr enskri tungu. Í ljós kom að grunnskólakennurum þótti innleiðingin á 2.- 6. bekkjar PALS tímafrek og löng og svo var erfitt að koma því inn í stundatöflu. Undirbúningsvinna reyndist töluverð svo sem að setja saman bókalista með tilliti til mismunandi getu nemenda. Þá tók það á að læra nýja aðferð og kennurum fannst of lítil tími ætlaður í aðlögun. Leikskólakennurum þótti P-PALS of langt og miklar endurtekningar ef farið var alveg eftir handbókinni og leikskólakennarar sammála að það er í lagi að stytta tímabilið aðeins og aðlaga tímanna að getu barnanna. Mikil vinna fór í að útbúa K-PALS handbókina. Efnið var þýtt og staðfært og gerð var tilraunarútgáfa sem var svo endurskoðuð eftir að búið var að prófa efnið.

Leikskólakennurum óx nokkuð í augum sú mikla vinna sem fólst í að kynna sér efnið og gera það aðgengilegt til notkunar, þannig að upphafið var nokkuð tímafrekt en fljótlega náðu leikskólakennarar tök á efninu og þá varð hver kennslustund léttari. Kennarar á unglingsstigi hafa frekar lítið notast við PALS en þeir sem það hafa gert eru ánægðir, helst finnst kennurum að það sé ekki tími fyrir PALS og því hefur gengið hægar að innleiða það í elstu bekkjum grunnskólans.

Sjá SVÓT greiningu í fylgiskjali í áfangaskýrslu tvö.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Upphaflega var áætlað að búið væri að þýða, staðfæra og innleiða allar handbækur PALS. Búið er að fullgera PALS handbók 2. – 6. bekkjar og haldin eru námskeið fyrir áhugasama

skóla og handbækurnar seldar á kostnaðarverði. Verið er að leggja lokahönd á handbækur fyrir P-PALS og K-PALS, þær verða tilbúnar í september og þá verða auglýst námskeið og handbækurnar tilbúnar til sölu. Handbók fyrir unglingastigið er til þýtt og fer í prufukeyrslu næsta skólaár. Handbók fyrir 1. bekk er að hluta þýdd en ekki hefur gefist tími til að fullgera hana en vonir standa til að það verði gert í vetur. Til stóð að gera myndband sem gæti fylgt sem kennslugagn en það verður ekki birt og verður það fyrst og fremst notað fyrir þá sem munu kenna á námskeiðum og kynna PALS öðrum.

Ávinningur

Leik- og grunnskólakenarar sem hafa kynnst PALS eru sammála því að þessi nálgun við læsi sé ríkuleg viðbót við annað efni. Grunnskólakennarar lýsa því þannig að það gefist meiri tími til að fylgjast með framvindu í lestri hjá fleiri börnum í hverri kennslustund. Þá eru vísbendingar um að PALS skili töluverðum framförum í lestri og það jákvæða er að framfarir hafa einnig orðið í öðrum fögum eftir að PALS hefur verið innleitt. Viðtöl sem tekin voru við foreldra í 5. bekk sýna að foreldrar telja að PALS hafi örvað lesskilning barna þeirra mikið og það hafi síðan haft jákvæð áhrif á önnur fög þar sem einkunnir hækkuðu. Eins og eitt foreldrið sagði „Það var eitthvað sem gerðist hjá syni mínum þegar hann byrjaði í PALS, mér finnst þetta algjör snilld“ Mat leikskólakennara er að börnin hafi mjög gaman af þátttöku í PALS tímum og áhugi þeirra á stöfum og hljóðum hafi aukist. Þá kemur í ljós að eftir að PALS var innleitt í leikskólunum þá hafi hljóðkerfisvitund barna aukist, það sýna niðurstöður HLJÓMS. PALS virðist hjálpa þeim leikskólabörnum sem eiga í erfiðleikum með hljóðamyndun að læra hljóð stafanna og standa þau því betur að vígi er kemur að formlegu lestrarnámi þeirra í grunnskóla. Sjá SVÓT greiningu í fylgiskjali í áfangaskýrslu tvö.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessa verkefnis er að það sem lagt var með í upphafi hefur náðst. Búið er að innleiða PALS aðferðina í þá skóla sem voru með í verkefninu með jákvæðum árangri. Kennarar og aðrir fagmenn eru mjög áhugasamir um PALS og vilji er til að nota það áfram í bæði leik- og grunnskólum þannig að PALS mun halda áfram í skólum Mosfellsbæjar þó verkefninu ljúki formlega. Þá eru PALS kennarar sannfærðir um ágæti aðferðarinnar og telja að hún hafi skilað góðum árangri.

Afraksturinn af verkefninu er eftirfarandi:

- Handbók fyrir PALS í 2. – 6. bekk er tilbúin og verið er að halda námskeið fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna þessari aðferð.
- Handbók í P-PALS verður gefin út í september 2012 og námskeið fyrir áhugasama verður sett á laggirnar.
- Handbók í K-PALS verður gefin út í september 2012 og námskeið fyrir áhugasama verður sett á laggirnar.
- Handbók fyrir unglínga PALS er væntanleg fljótlega á nýju ári 2013 og námskeið í kjölfarið.
- Handbók fyrir 1. bekkjar PALS er í vinnslu og væntanleg á vorönn 2013 og námskeið í kjölfarið.

Stofnuð hefur verið heimasíða sem Hulda Karen Daníelsdóttir heldur utan um þar sem hægt er að fylgjast með nýstu PALS fréttum og fá upplýsingar um handbækur og námskeið.

netslóðin er: <http://leikar.net/SISL/>

Kynning

Kynningar á PALS hafa farið fram tvívegis á Menntakviku Háskóla Íslands, Menntavísindasviðs og meðal leik- og grunnskólakennara í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi og að sjálfsögðu í Mosfellsbæ. Þá hafa þær handbækur sem tilbúnar eru verið kynntar og nokkrir skólar utan Mosfellsbæ eru farnir að nota PALS. Stefnt er að frekari kynningu á haustmánuðum þegar P og K-PALS kemur út. Þá er hægt að fylgjast með PALS á heimasíðunni sem vitnað er í hér að ofan.

Pýðing og staðfæring handbóka

Elsa María Hallvarðsdóttir, grunnskólakennari

Gerður Pálsdóttir, þroskaþjálfari

Heiðveig Andrésardóttir, grunnskólakennari

Inga Mjöll Harðardóttir, grunnskólakennari

Lilja Jóhannsdóttir, grunnskólakennari

María Sif Sævarsdóttir, leikskólakennari

Sigríður Helga Sigurþórsdóttir, leikskólakennari

Sigrún Huld Auðunsdóttir, grunnskólakennari

Steinunn Geirdal, leikskólakennari

Fylgiskjöl

- Áfangaskýrsla 1
- Áfangaskýrsla 2
- SVÓT greining á innleiðingu PALS í grunnskóla
- SVÓT greining á innleiðingu PALS í leikskóla
- Samantekt Gerðar Pálsdóttur, sérkennslustjóra á Huldubergi
- Yfirlit yfir þýðendur handbóka
- Rekstrarreikningur